

## 634. fundur

Þriðjudaginn 7. nóvember 2017 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson, formaður ANR

Birgitta Kristjánsdóttir, ANR

Benedikt S. Benediktsson, FJR

Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir, ANR

Kristín Sigfúsdóttir ritari, ANR

1. Lagðar fram fundargerðir 631, 632 og 633 og voru þær staðfestar.
2. Tekið var fyrir erindi frá Sölufélagi Garðyrkjumanna dags. 3. nóvember sl. þar sem bent var á að innlend framleiðsla á kínakáli muni að öllum líkindum klárast í kringum 20. nóvember n.k. Ákveðið var að senda út eftirfarandi drög að reglugerð til umsagnaraðila:

Með vísan til 4. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 sendir ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara eftirfarandi drög að tillögu sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollar	Magntollar
Tollskrárnúmer.:			kg	%	kr./kg
0704.9003	Kínakál	20.11. - 31.12.17	ótilgr.	0	0

Rökstuðningur: Með tillögunni verður lagt til að innflutningsvernd verði felld niður á nefndu tímabili á kínakáli. Ástæður niðurfellingar innflutningsverndar er sú að innlend framleiðsla getur ekki annað markaðinum að fullu og telst því framboð ekki vera nægjanlegt á innanlandsmarkaði samkvæmt 2. mgr. 65 gr. A búvörulaga nr. 99/1993. Með vísan til 2. mgr. 87. gr. laga nr. 99/1993, gerir nefndin framangreinda tillögu.

3. Rætt var um erindi Ekrunnar ehf., dags. 23. október 2017 og Samkaupa ehf dags. 20. október 2017 um að nefndin endurskoði afstöðu sína um að skortur sé á nautakjöti aðallega lundum í skilningi 87. gr. A búvörulaga nr. 99/1993.
4. Lagt fyrir erindi Kjötismiðjunnar ehf dags. 30. október 2017 vegna gildistíma reglugerðar um opinn tollkvóta á svínahryggjum sem tók gildi 24. október sl. Ákveðið var að svara erindinu. Fleira ekki gert og fundi slitið.